

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Mátis ohf Vínlandsleið 12



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	14.3.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Mátis ohf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Vínlandsleið 12	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	670906-0190	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bryndís Björnsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur H Friðjónsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina og engin frávik frá starfsleyfi fundust.

## UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðila er heimil rannsóknar- og þróunarstarfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki I, þar sem notaðar eru stofnar af *E. coli*, *P. pastoris*, *P. putida*, *S. lividans*, *R. euthropa* og ýmsar hitakærar bakteríur af ættkvíslunum *Thermus*, *Thermoanaerobacter* og *Rhodothermus*.

Hátt í 20 aðskilin verkefni með erfðabreyttar örverur eru í gangi á hverjum tíma og þeim sinna 16 - 20 fastir starfsmenn auk starfsnema.

Starfsemin og stofnar lífvera eru tiltölulega óbreytt, en breyttir starfshættir hafa orðið til þess að nú eru komnar aðskildar verkefnastöðvar í stað fastra starfsmannastöðva. Því eru rannsóknir og tilraunir á erfðabreyttum örverum betur aðskilin frá annarri starfsemi rekstraraðila. Engar breytingar eru fyrirsjáanlegar.

Eftirlitsaðili spurði út í þær skráningar og vinnubækur sem kröfur eru um. Hvert verkefni hefur sína vinnubók og því eru ca. 20 vinnubækur í notkun á hverjum tíma. Þar í skráist allt sem snýr að verkefninu. Viðhald, eftirlit og búnaður rannsóknastofanna er í umsjón innviðasviðs Mátis ohf. sem er með sínar eigin skráningar. Í miðlægt tölvukerfi Mátis ohf. skrást síðan óhöpp, skemmdarverk þ.m.t. mengunaróhöpp sem er síðan fundað um af öryggisnefnd hússins og lærdómur af þeim dreginn svo koma megi í veg fyrir að óhöppin gerist aftur. Í öryggisnefnd Mátis ohf. eru: Halldóra Viðarsdóttir og Sigurlaug Skírnisdóttir öryggistrúnaðarmenn og Bergros Ingadóttir og Ásta Heiðrún E. Pétursdóttir, öryggisverðir. Þjálfun starfsmanna er í höndum rannsóknastofustjóra og er þjálfun skráð í miðlægt tölvukerfi.

Áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun hafa verið uppfærðar eins og þurfa þykir. Farið var í stutta vettvangsferð, aðstæður skoðaðar og myndir teknar.

Engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina og engin frávik frá starfsleyfi fundust.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.03.2017

Gottskálk Friðgeirsson